

Styttar leiðbeiningar fyrir Cirrus loft-og verkjadýnu

A. Uppsetning

Dýna er lögð beint á rúmbotn.

Merking snýr upp og til fóta.

Pumpa er hengd á fótagafl rúms.

Slöngur frá dýnu festar í pumpu.

Rafmagnssnúru er stungið í samband.

Mikilvægt að ventlar merktir CRP séu vel lokaðir (sjá mynd). Í neyðartilfellum eða þegar tæma á dýnu opnið þá þessa ventla til að hraða lofttæmingu.



B. Að hefja loftfyllingu

1. Kveikið á pumpu með því að þrýsta takka (on/off) á hlið pumpunnar. Ýtið svo á „power“ takkann framan á pumpu. Þá logar grænt ljós.
2. Pumpa byrjar þá að fylla dýnuna af lofti. Það tekur ca. 20 mín fyrir dýnuna að fyllast alveg.

C. Stilling pumpu

AUTOFIRM - fer sjálfkrafa á þessa stillingu þegar kveikt er á pumpu- dýna er að fylla sig.

COMFORT* - stillið pumpu eftir þyngd skjólstaðings (sjá vigtarskema ofan á pumpu).

ALTERNATE* - hér breytist þrýstingur í lofthólfum í dýnunni. Mælt er með að þessi stilling sé alltaf virkjuð nema þegar snúa eða sinna þarf skjólstaðingi í rúmi.

CYCLE TIME - hægt að velja um tímann sem tekur loftið að færast á milli lofthólfa í dýnu. Best að velja 10 mín.

STATIC - valið þegar hreyfa á skjólstaðing á dýnu (jafnar lofti í öllum hólfum). Fer sjálfkrafa á „alternate“ eftir 20 mínútur.

SEAT INFLATION - notað þegar viðkomandi situr í lengri tíma með hátt undir höfði.



* **ATH. COMFORT og ALTERNATE eru mikilvægustu stillingarnar og því brýnt að þær séu rétt stilltar.**

D. Leiðbeiningar um þrif

Pumpa -

Þurrkið reglulega af pumpu með rökum klút og mildu sápuefni. Má nota sprittlausn ef þörf krefur.



Dýnuáklæði -

Þolir sprittun. Má taka af og þvo við 95 gráður og fara í þurrkara.

Ath. ítarlegri upplýsingar er að finna í handbók sem fylgir hverri dýnu.